

Náttúrufræði

Gyða Björk Björnsdóttir

2014

# Konungur dýranna



Sigríður Helga Steingrimsdóttir

Flúðaskóli

16.10.2014

## Efnisyfirlit

|                           |   |
|---------------------------|---|
| Inngangur.....            | 2 |
| Ljón .....                | 3 |
| Fæða .....                | 3 |
| Lýsing.....               | 4 |
| Ætt.....                  | 4 |
| Félagsleg samskipti ..... | 5 |
| Uppeldi.....              | 5 |
| Æxlun.....                | 6 |
| Lokaorð.....              | 6 |
| Heimildaskrá.....         | 7 |
| Myndaskrá.....            | 8 |

## Inngangur

Hér ætla ég að fjalla um ljón, af því að mig langar að læra miklu meira um ljón en það sem ég veit. Mér finnst ljón rosalega falleg dýr. Í þessari ritgerð ætla ég að finna út hvort ljón séu skyld köttum og hvort ljón urra eða öskra .



Mynd 1

## Ljón

Ljón eða *Panthera leo*, sem er latneska heitið, er afar tignarlegt dýr enda er það oft kallað konungur dýranna. Fullorðin karlljón eru frábrugðin öðrum stórköttum í því að þeir eru með síðan og þykkann makka sem gerir þá stærri og ógurlegri og hlífir auk þess hálsi þeirra í bardögum. Ljónynjurnar eru ekki með makka.

Ljón finnast aðallega í Afríku, sunnan Sahara eyðimerkurinnar, einnig lifa nokkur ljón á vestanverðu Indlandi. Ljón eru félagslyndustu kattadýrin og þau halda sig oft í hópum, hjörðum sem samanstanda af nokkrum kynslóðum kvendýra, ömmum, mömmum, dætrum, ókynþroska karldýrum og tveimur til þremur fullorðnum karldýrum sem makast við kvendýrin og verja hópinn fyrir öðrum karldýrum.

Ljónynjurnar ganga með unga í um 109 daga og fjöldi unga er u.þ.b 1-8 ungar. Stærð hópa getur verið allveg frá 4 dýrum upp í 40 dýr en meðaltalið er um að 15 dýr séu í hverjum hóp<sup>1</sup>.

Venjulega halda ljónynjurnar sig í sama hópi til dauðadags en högnarnir eru hraktir í burtu þriggja til fjögurra ára.

Mynd 2



## Fæða

Venjulega éta karlljónin fyrst, þótt ljónynjurnar beri hitann og þungann af veiðunum. Ljón eru einu kettirnir sem deila með sér mat. Hinir veiða einir og borða einir.<sup>2</sup> Ljón á hlaupum þarf gott hjarta og góð lungu til að sjá líkamanum fyrir nægu súrefni. Þegar ljón stekkur á bráð, hleypur það að henni og stekkur, það beitir sveigjanlegum hrygg, og völdugri bringu og sterkum afturlimum við að fella bráðina. Þófarnir neðan á loppunum draga úr höggum þegar dýrið kemur niður. Ljónynja lamar spriklandi gny með því að bíta hann á barkann og kæfa. Ljón eru afar sterk. Fullvaxið ljón ræður við stór og sterk dýr. Ljón sem vegur um 150 til 250 kg, getur drepit meira en tvöfalt þyngrri buffal. Ef veiðidýrið er of stórt til að hremma það,

<sup>1</sup> (Ljón, 2014)

<sup>2</sup> (Samskipti dýra, 2002)

fellir ljónið það, leggst á það og bítur sundur mænuna. Kjálkar katta leika á hjörum og geta bara hreift upp og niður, ekki til hliðanna. Ef veiðarnar ganga illa nokkurt skeið hjá ljóni verður það að gera sér að góðu smákvikindi eins og sjaldbökur. Venjulega veiða ljónin stór dýr eins og antílopur, gnýi, gíraffa, buffala, bleytusvín og bavíana.<sup>3</sup>

## Lýsing

Ljón eru venjulega brúnleit á skrokk og oft fölleitari á kvið. Brúni liturinn getur verið missterkur, frá þéttum brúnum lit í fölbrúnan. Hvít ljón eru einnig þekkt, líkt og hvít tígrisdýr og svartir hlébarðar. Líkt og gildir um hvítu tígrisdýrin þá eru hvítu ljónin ekki albínóar heldur er um að ræða sérstakt litarafbrigði sem nefnist á fræðimáli *leucismi* þar sem eðlilegir litir finnast í augum og skinnfrumum en í miklu minni mæli en hjá öðrum dýrum.<sup>4</sup> Ljón hafa langa og hrjúfa tungu sem þeir nota sem greiðu og halda andliti, feldi og loppum hreinum. Ljón eru þrífín og verja miklum tíma í að snyrta húðina. Þeir gleypa eitthvað af þessum hárum við þessa snyrtingu og spýta þeim svo síðar út sem hárhnyklum og sumstaðar í Afríku ganga menn með þessa hnykla sem verndargripi.<sup>5</sup> Fullorðin ljón



Mynd 3

hafa 30 tennur, 12 framtennur, 4 vígtennur og 14 jaxla. Vígtennur ljóna eru á bilinu 7-10 cm langar eða svipaðar og hjá tígrisdýrum. Þar sem þær eru afar viðkvæmar fyrir þrýstingi reyna ljónin að verja þær í átökum við stærri bráðir. Þau beita því kjaftinum frekar á viðkvæman háls fórnarlambins en hnakka þess, svo minni hætta sé á því að vígtennurnar verði fyrir skaða.<sup>6</sup>

## Ætt

Ljón er af kattarætt (Felidae) og ættbálkurinn þeirra nefnist rándýr (Carnivora). Í þessum ættbálki eru bara rándýr og eru háð því að éta kjöt. Öll dýr í kattarætt eiga það sameiginlegt að finna ekkert sætt bragð.<sup>7</sup>

<sup>3</sup> (Stórir kettir, 1999)

<sup>4</sup> (Hvernig eru ljón á litin, 2014)

<sup>5</sup> (Stórir kettir, 1999)

<sup>6</sup> (tennur, 2014)

## Félagsleg samskipti

Enginn köttur er háværari en öskrandi ljón. Ljónin öskra eftir sólsetur, að lokinni veiði og þegar þau eru mett. Ljón gefa frá sér að minnsta kosti níu mismunandi hljóð, auk þess sem þau rymja þegar þau koma saman.<sup>8</sup> Ljón í hjörð drekka, veiða, éta og leika sér saman. Í hjörðinni eru yfirleitt skyldar læður og afkvæmi þeirra. Hver hjörð forðast jafnan aðrar hjarðir og ljónin merkja landamæri óðalsins með lykt til marks um að óviðkomandi sé bannaður aðgangur. Tvær ljónynjur þurfa að berjast um forustuhlutverkið innan hjarðarinnar. Venjulega ríkir ein læða í hverri hjörð, jafnvel þótt karlar séu þar á ferð. Forystulæðan stjórnar fjölskyldunni. Þegar ljónynjur gjóta geyma þær ungana sína inni bæli fyrstu daganna og tvær ljónynjanna þurfa að gæta inngangsins að bælinu. Ljón eru félagsdýr og skipta á milli sín ábyrgðinni af vörslunni. Bælinu er haldið hreinu svo rándýr geta ekki runnið á lyktina af því.<sup>9</sup>

Mynd 4

## Uppeldi

Ljónynja gýtur u.þ.b 1-8 ungum. Fyrstu tvö ár ævi þeirra eru þeir hjá móður sinni. Hún verndar þá og hjálpar þeim ef þeim verða á mistök. Góð móðir gæti komið öllum ungum sínum upp þegar vel árar en léleg móðir kynni að missa flesta ef ekki alla unga hennar.



Þegar ljónynja þarf að flytja kettlingana sína tekur hún þá varlega í kjaftinn, einn í einu. Auk þess sem húðin á hnakka þeirra er mjög laus í sér, hefur ljónynjan skörð í tanngarðinum aftan við vígtennurnar og getur því borið ungann án þess að bíta í hann. Kettlingar fara að leika sér strax og þeir fá sjón. Leikurinn styrkir vöðva, bætir samhæfingu og þroskar rétt viðbrögð. Hann býr ungviðið undir nám í veiðum sem síðan bíður þeirra. Kettlingar hjálpast að við að drepa sært vörtusvín sem mamma þeirra feldi til að kenna þeim hvernig á að drepa það. Annar bítur í hálsinn en hinn í annað lærið. Ljónamma stendur og fylgist með börnunum sínum, enda er hún kennari þeirra. Kettlingar verða sem fyrst að læra að veiða og vörtusvínið er nægilega smátt fyrir byrjendur. Dílóttur feldur ljónskettlinga auðveldar þeim að leynast fyrir

<sup>7</sup> (Stórir kettir, 1999)

<sup>8</sup> (Samskipti dýra, 2002)

<sup>9</sup> (Stórir kettir, 1999)

fjendum. Með aldrinum dofna dílarnir smám saman og á fullvöxnum ljónum eru aðeins eftir mjög daufir dílar á fótleggjum og kviði. Nokkrir þroskaðir ljónskettlingar sitja á föllnu tréi og fylgjast með fullorðnum ljónum á veiðum eins og þeir væru í stórri kennslustofu. Kettlingar læra smám saman að þrífa sig sjálfir en framan af hreinsar mamma þá með tungunni. Þegar hún sleikir afkvæmið gæðir hún þau lykt sinni svo öll fjölskyldan ilmar eins.<sup>10</sup>

## Æxlun

Mynd 5

Stórkettir flakka víða svo þeir eiga stundum erfitt með að finna maka. Þegar þeir eru tilbúnir til mökunar auglýsa þeir fyrir öllum öðrum köttum í grenndinni þörf sína með ilmmerkjum. Ljónshögni nuddar sér utan í læðu og þefar af henni allri. Hann skynjar á lyktinni að hún er fús til mökunar. Þegar hann hefur hrakið alla keppinauta burt á hann



bara eftir að fá ljónynjuna til að þýðast sig. Hann sýnir henni þau ástarlot sem ljónum er lagið og er stundum að í nokkra daga áður en þau makast. Þegar læðan er tilbúinn til mökunar leggst hún á jörðina og lyftir lendunum lítið eitt. Karlinn sest yfir hana aftanverða og bítur stundum léttilega í hnakkadrambið á henni á meðan. Ljón makast allt að hundrað sinnum á dag. Að mökun lokinni er ljónynjan uppstökk og ræðst á bónda sinn, enda er hann þá fljótur að forða sér. Hann fer samt ekki langt og ver læðuna gegn ásókn annarra karlljóna. Þegar frúin hefur náð áttum veltir hún sér á hrygg og þau endurtaka leikinn. Hver mökun endist aðeins í nokkrar sekúndur.<sup>11</sup>

## Lokaorð

Það var mjög gaman að vinna þessa ritgerð, ég vissi ekki mikið um ljón þegar ég byrjaði að skrifa en núna er ég miklu fróðari um þau. Það var margt sem ég vissi ekki um ljón eins og ég vissi ekki að ljónynjur væru með skörð í tönnunum til að halda á ungunum. Ég reyndi að nýta allan tíma sem ég hafði að skrifa ritgerðina og finna bækur og fróðleik um ljón. Að lokum, ljón og kettir eru af sömu ætt og ljón öskra, meira að segja öskra þau hæst allra kattadýra.

<sup>10</sup> (Stórir kettir, 1999)

<sup>11</sup> (Stórir kettir, 1999)

## Heimildaskrá

*hvernig eru ljón á lítin.* (14. 10 2014). Sótt frá vísindavefurinn:  
<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=51711>

*Ljón.* (14. 10 2014). Sótt frá Vísindavefurinn: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2583>

*Samskipti dýra.* (2002). Skjaldborg ehf 2008.

*Stórir kettir.* (1999). Örnólfur Thorlacius, Skjaldborg ehf 1999.

*tennur.* (14. 10 2014). Sótt frá Vísindavefurinn: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=6398>



## Myndaskrá

Forsíðumynd: <http://streamafrica.com/news/west-african-lion-teetering-towards-extinction/>

Mynd 1: <http://www.hun.is/ljon-bjorgudu-12-ara-stulku-fra-mannraeningjum-i-ethiopiu/>

Mynd 2: <http://bunnyfunfromhilmur.weebly.com/lionhead-kaniacutenur.html>

Mynd 3: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=51711>

Mynd 4: [https://www.facebook.com/KILROYiceland?sk=app\\_403359706360567&filter=1](https://www.facebook.com/KILROYiceland?sk=app_403359706360567&filter=1)

Mynd 5: <http://onebigphoto.com/lions-in-love/>